

AUGLÝSING

um gjaldskyld bílastæði.

Borgarráð Reykjavíkur, að fenginni tillögu umferðarnefndar Reykjavíkur, ákvað eftirfarandi á fundi sínum 12. nóvember 1996, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987 og 1. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988:

Bílastæði á Lindargötu að sunnanverðu frá Ingólfsstræti í vestri að Smiðjustíg í austri, verði gjaldskyld. Settir verði upp stöðumælar með tveggja klukkustunda leyfilegum hámarkstíma og tímagjaldinu 50 krónur á klukkustund.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 8. janúar 1997.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

AUGLÝSING

um gjaldskyld bílastæði.

Borgarráð Reykjavíkur, að fenginni tillögu umferðarnefndar Reykjavíkur, ákvað eftirfarandi á fundi sínum 26. nóvember 1996, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987 og 1. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988:

Þrjú þverstæð bílastæði við Skólastræti austanvert, við brunn á horni Amtmannsstígs, verði gjaldskyld. Settir verða upp stöðumælar með einnar klukkustundar leyfilegum hámarkstíma og tímagjaldinu 50 krónur á klukkustund.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 8. janúar 1997.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.